



Fundarboð

336. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 20. mars 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er ein blaðsíða.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka eitt mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1101027 – Framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðarveg 60 á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði.

Ósk um framkvæmdaleyfi, erindi frá Veggerðinni dagsett 10. janúar 2012.

Vegagerðin óskaði með bréfi, dags. 10. janúar 2012, eftir framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps fyrir Vestfjarðavegi (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Gögn sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar voru matsskýrsla Vegagerðarinnar, dagsett í október 2011 og álit Skipulagsstofnunar, dags. 5.12.2011. Reykhólahreppur telur að álit Skipulagsstofnunar fullnægi lágmarksskilyrðum um rökstuðning og efnisinnihald, þannig að sveitarstjórn geti tekið ákvörðun um umsókn um framkvæmdaleyfi.

Fyrir fundinum lá greinargerð með framkvæmdaleyfi dagsett í febrúar 2012 sem var unnin fyrir Reykhólahrepp.

Sveitarstjórn samþykkir hér með að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðavegi (60), eins og honum er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn og matsskýrslu Vegagerðarinnar. Sveitarstjóra er falið að auglýsa niðurstöðuna. Samþykkt samhljóða. Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar er kæránlegt til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá því leyfið er auglýst.

2. 1105055 – Stígagerð í Flatey.

Framkvæmdaleyfi.

Stígagerðin er í samræmi við aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 og eru meðfylgjandi gögn dags. 03.11.2011

Sveitarstjórn samþykkir hér með að veita Framfarafélagi Flateyjar framkvæmdaleyfi fyrir stígagerð í Flatey með þeim skilyrðum að framkvæmdin verði undir eftirliti Fornleifafræðings samanber umsógn Fornleifaverndar dags. 7.nóvember 2011.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess



Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

3. 1201032- Lóð undir gistirými.

Erindi frá Kötlulandi ehf. dagsett 20. mars 2011.

Sveitarstjórn vísar erindinu til skipulags og bygginganefndar, ítarlegri gögn óskast.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____